

svarslaganna, enda hafi verið á hann lagt útsvar þar árið 1940. Atvinnurekstur hans hér á Siglufirði sé eigi þess eðlis, að hann megi telja heimilisfastan á Siglufirði, og sé því álagningin ólögmæt og hann eigi útsvarsskyldur hér.

Það er nú viðurkennt af báðum aðiljum, að atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði sé verkun sildar. Samkvæmt eðli sínu er sá atvinnurekstur eigi rekinn lengur en í mesta lagi 3—4 mánuði ársins. Í sambandi við þenna atvinnurekstur hefur gerðarþoli opna skrifstofu hér yfir sildartímann. Þá er það og viðurkennt af gerðarbeiðanda, að gerðarþolandi hafi lögheimili á Akureyri. Af þessum forsendum sýnist eigi verða ráðið það, að skilyrði séu fyrir hendi til þess að vikja frá aðalreglu 8. gr., 1. mgr., sbr. fyrri hluta 2. mgr. sömu gr. útsvarslaganna um útsvarsskyldu einstaklinga og félaga, enda telur fógetarétturinn það rétt, að atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði sé eigi þess eðlis, að hann verði heimfærður undir a-lið 8. gr. útsvarslaganna né heldur aðra stafliði þeirrar greinar um undantekningarákvæði frá hinni almennu reglu 8. gr. útsvarslaganna um útsvarsskyldu.

Fyrir því telur rétturinn rétt vera, að hin umbeðna lögtaksgerð skuli eigi ná fram að ganga.

Fyrir því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Föstudaginn 20. febrúar 1942.

Nr. 37/1941. Kaupfélag Eyfirðinga (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Hríseyjarhreppi (Einar B. Guðmundsson).

Um skattgreiðslu samvinnufélags til sveitarfélags. Ómerk-
ing.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð máls þessa í héraði hefur farið mjög aflaga og lögum andstætt. Í stað þess að ákveða málflutning munnlegan eða skriflegan samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 og veita málflytjendum sameiginlegan frest til gagnasöfnunar samkvæmt 110. gr. sömu laga, hefur dómari látið það viðgangast, að málflytjendur fengju fresti og framhaldsfresti á víxl og skiptust á skriflegum svo nefndum „greinar-

gerðum“. 12 alls, auk bókana og skriflegra greinargerða aðilja sjálfra, sem í raun og veru einar veita, auk matsgerða og vitnisburða, fræðslu um staðreyndir málsins, að svo miklu leyti sem eigi skortir fræðslu um þær. Að lokum er svo eftir allt þetta ákveðinn munnlegur málflutningur 3. des. 1940, sem fram fór 14. s. m. Dómur var loks kveðinn upp 31. janúar 1941, eða fullum hálfum öðrum mánuði eftir hinn munnlega málflutning og dómtöku málsins. Með þessum drætti á dómsuppsögn hefur héraðsdómari freklega brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936, og getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlað, ef dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber harðlega að vita héraðsdómara, Sigurð bæjarfógeta Eggerz, fyrir dómglöp þessi, og lögfræðingana Jón Sveinsson og Friðrik Magnússon, sem einnig bera ábyrgð á hinum aflaga málflutningi, og að ómerkja dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 15. apríl 1940 og skylda dómara til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með þinghaldi 15. apríl 1940 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. jan. 1941.

Mál þetta hefur höfðað Oddur Ágústsson gjaldkeri Hriseyjarhrepps fyrir hönd hreppsins með stefnu dags. 27. maí 1940 fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn stjórn Kaupfélags Eyfirðinga, þeim alþingismanni Einari Árnasyni, Eyrarlandi, alþingismanni Bernharð Stefánssyni, ritstjóra Ingimar Eydal, kennara Kristjáni Sigurðssyni, öllum til heimilis Akureyri og bónda Þórarni Kr. Eldjárn, Tjörn, til þess að fá þá dæmda fyrir hönd félagsins til að greiða kr. 1218.39 aura ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1940 til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandinn málskostnaðar, og er hann samkvæmt fram lögðum reikningi gerður kr. 272.40, en við

hann bætist svo á seinna stigi málskostnaður kr. 30.00 og þóknun til vitnis kr. 54.00, eða samtals kr. 356.40.

Kröfurnar eru á réttarskjali 2 og eru fyrir samvinnuskatt á eftirtöldum húseignum i Hrísey:

1. Rafstöðin 1936—1938	kr. 720.00
2. Fiskhús 1935—1938	— 157.36
3. Gamla hús 1935—1937	— 120.00
4. Kolaskúr Hreins Pálssonar 1935—1936	— 30.00
5. Brauðbúð Baldvins Bergssonar 1936—1937	— 20.00

eða samtals kr. 1047.36

ásamt 6% vöxtum, sem reiknaðir eru um mismunandi tíma til 1. jan. 1940, eða samtals kr. 171.03 og er þannig hin umstefnda upphæð kr. 1047.36 plus 171.03, eða samtals kr. 1218.39. Stefndi hefur mótmælt 1. liðnum algerlega fyrir þá sök, að í samningnum á réttarskj. 10 sé svo ákveðið, að starfsemin sé útsvarsfri gegn því að hreppurinn fái ókeypis rafmagn til götulýsingar o. fl. Stefnandinn segir aftur, að rétt sé, að rafmagnsstöðin sé útsvarsfri, en hins vegar sé hvergi áskilið, að hún eigi að vera laus við greiðslu samvinnuskatts. Út af þessum 1. lið ris og annar ágreiningur. Stefndi, segir, að rafmagnsstöðin og frystihúsið sé í sama húsi, en auðvitað sé aðeins nokkur hluti hússins rafmagnsstöð. Dómkvaddir matsmenn hafa á réttarskj. 25 komið að þeirri niðurstöðu, að sjálf rafmagnsstöðin væri 2000 kr. að fasteignamati, en hver frystihússklefi 3000 kr. að fasteignamati, eða allt húsið 8000 kr. að fasteignamati, og er sú upphæð rétt, en ekki kr. 9000.00, sem nefnd hefur verið í skjölum málsins. Þá hefur risið mikill ágreiningur um, hve mikil notkun frystihússklefanna hefur verið á árunum 1935—1938.

Hinir dómkvöddu menn hafa eftir upplýsingum, sem þeir hafa fengið, talið, að frystihúsið hafi verið í notkun 1935—1936, en hvort það hafi verið báðir klefarnir eða annar þeirra, geta þeir ekki sagt. Um notkun hússins 1937 og 1938 hafa þeir enga vitneskju. Íshússtjórinn hefur verið leiddur sem vitni. Bar hann fyrst, að húsið hefði verið starfrækt á árunum 1935—1938, aðeins 1 mánaðartíma árið 1935, en er hann átti að staðfesta vitnisburð sinn, bað hann um frest til að íhuga minnishækur sínar í Hrísey. Því næst breytti hann vitnisburðinum á þá leið, að frystihúsið hefði verið lengur í gangi en hann hefði sagt, en hvort það hafi verið í gangi allt árið 1935, getur hann eigi sagt. Árið 1936, segir hann, að frystihúsið hafi einnig verið í gangi, en hve lengi, getur hann eigi sagt. Hann getur ekkert sagt um notkun hússins 1937—1938. Stefndi hefur við athugun á bókum sínum viðurkennt, að húsið hafi verið dálítið notað 1935 og 1936. Aftur á móti sýnir hann notarialvottorð, réttarskjal 43, um að í bókum kaupfélags-

ins ótölusettum og ólöggitum um eiginr. 1937 og kaupfélög og eiginr. reikninga 1938 sé ekki neitt tilfært um rekstur félagsins á þessum árum. Stefnandinn hefur krafizt, að það yrði látið koma undir eiði annaðhvort kaupfélagsstjórans í Hrísey eða framkyæmdarstjóra kaupfélagsins, hver notkun hússins hafi verið.

Um skatt af fiskhúsinu er enginn ágreiningur annar en að stefnandinn segir, að það hafi verið notað í 4 ár, en stefndur 3 ár, enda segi innrétting fiskikompunnar til um það. Stefnandinn heldur aftur fram, að húsið hafi allt verið notað áður en fiskikompan var innréttuð.

Að því er Gamla húsið snertir er ágreiningur aðeins um, hvort reikna eigi skattinn samkvæmt kröfu stefnanda af $\frac{1}{2}$ af fasteignaverði hússins eða af $\frac{1}{3}$. Matsmennirnir lita svo á, að $\frac{1}{3}$ af húsinu hafi verið notaðir.

Að því er kolaskúrin snertir hefur stefnandinn fært kröfu sína niður í kr. 30.00. Stefndi vill greiða kr. 15.00. Ágreiningurinn er um, hve lengi húsið hafi verið notað. Stefndur viðurkennir, að það hafi verið notað í 2 mán.

Að því er brauðbúð Baldvins snertir. Stefnandinn segir, að 2 herbergi í húsinu hafi verið notuð í 2 mánuði og allt húsið hafi verið notað 1 vetur til geymslu.

Stefndi segir, að 2 herbergi hafi verið notuð í kjallara hússins 1936 og í 3 mánuði 1937.

Fyrsta ágreiningsatriðið í málinu er um það, hvort stefndi sé yfirleitt skyldur til að greiða skatt af rafmagnsstöðinni. En þar sem í 7. gr. samningsins segir, að starfsemin sé útsvarsfri, þá litur rétturinn svo á en skattfrelsið geti (sic) eigi náð lengra en orðin ákveða.

Þá er að öðru leyti aðalágreiningurinn um, hvernig beri að skýra ákvæði samvinnulaganna um skattinn. Ákvæðin eru engan veginn skýr, enda skattgrundvöllurinn í sjálfu sér ekki eðlilegur. Það virðist þó mjög óeðlilegt, að skatturinn sé rigskorðaður við þau hús, sem samvinnufélagin byggja eða leigja. Með því gæti farið svo, að lítið samvinnufélag í stóru húsi greiddi meiri skatt en stórt samvinnufélag í litlu húsi. Það virðist því eðlilegast að binda skattinn eingöngu við þau hús, sem notuð eru í þarfir félagsins, og sé skatturinn greiddur af þeim húsum, sem telja verður að séu nauðsynlegir liðir í rekstri félagsins á hverju ári, enda sýni notkun þeirra það.

Hins vegar mundi það torvela innheimtu skattsins óeðlilega, ef reikna ætti í daga eða tímatali notkunina. Samkvæmt þessu ber því stefnda að greiða skatt af rafmagnsstöðinni 2% af kr. 2000 í 4 ár eða 160 kr., en af frystihúsinu ber stefnda að greiða 2% af 6000 kr. í 2 ár, eða kr. 240.00, þar sem telja verður, að frystihúsið hafi verið nauðsynlegur liður í rekstri félagsins árin

1935—1936, en aftur á móti á stefndi ekki að greiða skatt af frystihúsinu 1937—1938, þar sem talin verður gild skýrsla stefnda um, að frystihúsið hafi ekki verið notað þessi ár, enda hefur sú skýrsla stuðning í bókum félagsins. Hins vegar þykir ekki rétt að láta þetta skattspursmál vera komið undir eiði stefnda. Að því er fiskhúsið snertir þykir rétt að reikna skattinn af því fyrir 3 ár, eða miðað við þann tíma, sem fiskkompan var byggð, og verður hann þá kr. 118.02.

Að því er Gamla húsið snertir, þá hafa matsmennirnir talið, að notaðir hafi verið af því $\frac{3}{4}$, en krafan í stefnunni er fyrir $\frac{2}{3}$ og verður ekki farið hærra og þykir því mega taka kröfu stefnandans, kr. 120.00, til greina.

Að því er kolaskúrinn snertir ber að taka kröfu stefnandans til greina, kr. 30.00, enda virðist hann hafa verið nauðsynlegur liður í rekstri félagsins í 2 ár.

Af sömu ástæðu ber að taka kröfuna til greina um kr. 20.00 skatt af brauðbúð.

Að því er kröfuna um 6% vexti til 1. jan. 1940 af framangreindum upphæðum snertir, þá þykir eftir atvikum ekki ástæða til að heimta þá, enda leit stefndur svo á, að hann ætti ekki að greiða mikinn hluta af skattinum, en innheimtan hins vegar mjög litið vakandi.

Þá hefur umboðsmaður stefnda gert kröfu til að stefnandinn yrði sektaður fyrir þessi ummæli: „Svona eru félagsmenn K. E. A. bældir, að þeir þora ekki í sumum tilfellum að segja sannleikann.“ Þar sem ummæli þessi eru svo almenns eðlis, enda dregið úr þeim með hinum tilvitnuðu orðum: „í sumum tilfellum“, þá þykir eftir atvikum ekki ástæða til að sekta stefnandann fyrir þau.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða kr. 160.00 plus 240.00 plus 118.02 plus 120.00 plus kr. 30.00 plus kr. 20.00, eða samtals kr. 688.02, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1940.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 356.40.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í þessu máli, stjórn Kaupfélags Eyfirðinga, þeir alþm. Einar Árnason, alþm. Bernharð Stefánsson, ritstjóri Ingimar Eydal, kennari Kristján Sigurðsson, allir til heimilis Akureyri, og Þórarinn Kr. Eldjárn bóndi, Tjörn, greiði stefnandanum, Oddi Ágústssyni í Hrisey fyrir hönd Hriseyjarhrepps kr. 688.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1940. til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefnda kaupfélagsstjórn stefnandanum kr. 356.40.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.